



Verklagsreglur Akureyrarbæjar um greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda

Hjá Akureyrarbæ er greitt fyrir akstur starfsfólks á einkabifreiðum í þágu Akureyrarbæjar samkvæmt skráningu í Vinnustund. Samningur um afnot einkabíls þarf að liggja fyrir áður en til greiðslu kemur, sjá form *Samningur um afnot einkabíls* í starfsmannahandbók Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal/ferdakostnadur> .

Óheimilt er að gera samninga um fastar greiðslur fyrir akstur.

Starfsmanni ber að skrá akstur í þágu vinnuveitanda í Vinnustund jafnóðum, sjá leiðbeiningar í starfsmannahandbók.

Yfirmaður yfirfer og samþykkir eða hafnar skráningu fyrir hvert aksturstillvik, fyrir uppgjörstímabil frá 13. hv. mán. til 12. næsta mánaðar, sjá *Leiðbeiningar um skráningu aksturs í Vinnustund* í stjórnendahandbók Akureyrarbæjar.

Ein til níu ferðir á mánuði:

Ef um er að ræða samtals níu eða færri eknar ferðir á uppgjörstímabili útborgunar frá 13. hvers mánaðar til 12. næsta er heimilt að greiða sem nemur tíu kílómetrum fyrir hverja ferð eða greiða fyrir eigna kílómetra samkvæmt skráningu í Vinnustund.

Ef greiddir eru tíu kílómetrar fyrir hverja ferð er greidd staðgreiðsla af öllum akstursgreiðslum uppgjörstímabilsins sem síðan er gerð grein fyrir við gerð skattframtals. Starfsmaður skráir færslu í Vinnustund fyrir hverja ferð, dagsetningu ferðar, tíu km, aksturserindi, tegund kílómetragjalds og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis.

Tíu ferðir eða fleiri á mánuði:

Ef um er að ræða tíu ferðir eða fleiri á uppgjörstímabili útborgunar skal greiða fyrir allan akstur á tímabilinu samkvæmt skráningu í Vinnustund.

Ekki er greidd staðgreiðsla af akstri ef skráð er færsla í Vinnustund fyrir hverja ferð, dagsetning, samtals eigna vegalengd, aksturserindi, tegund kílómetragjalds og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis.

Ferðir sem eru styttri en þrjú km:

Ef um styttri vegalengdir er að ræða er heimilt að skrá hverja ferð þrjú kílómetra óháð heildarfjölda ferða í mánuði.

Skrá ber í Vinnustund færslu fyrir hverja ferð, dagsetningu, þrjú km, aksturserindi, tegund kílómetragjalds, og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis.

Ef sú aðferð er valin er greidd staðgreiðsla af öllum akstursgreiðslum á uppgjörstímabili sem síðan er gerð grein fyrir við gerð skattframtals.

Lengri ferðir:

Ef um er að ræða aðrar ferðir en til Reykjavíkur eða innanbæjar og starfsmaður óskar eftir að fara á eigin bifreið, skal kanna kostnað við að taka bílaleigubíl í stað þess að nota eigin bifreið og velja ódýrari kostinn.

Starfsmanni er heimilt að velja frekar að fara á eigin bifreið en þá skal greitt fyrir akstur kílómetragjald skv. skráningu í Vinnustund, en þó að hámarki þann fjölda kílómetra sem er ígildi kostnaðar vegna notkunar á bílaleigubíl.

Ef starfsmaður velur að fara á eigin bifreið til Reykjavíkur í stað þess að fljúga skal greitt fyrir akstur kílómetragjald skv. skráningu í Vinnustund, en þó að hámarki þann fjölda kílómetra sem er ígildi kostnaðar fyrir flug til Reykjavíkur.

Ferðir til og frá heimili:

Ekki er greitt fyrir ferðir til og frá heimili nema í þeim undantekningartilfellum sem ákvæði kjarasamninga kveða á um greiðslur.

Samþykkt í kjarasamninganefnd 11. febrúar 2019

Samþykkt í bæjarráði 21. febrúar 2019